

## ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2006/EES/58/35

frá 19. maí 2000

**um leiðréttingu á tilskipun 98/98/EB um tuttugustu og fimmtu aðlögun að tækniframförum á tilskipun ráðsins 67/548/EBE um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnslufyrirmælum um flokkun, þökkun og merkingu hættulegra efna (\*)***(tilkynnt með númeri C(2000) 1333)*

(2000/368/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA  
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 67/548/EBE frá 27. júní 1967 um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnslufyrirmælum um flokkun, þökkun og merkingu hættulegra efna <sup>(1)</sup>, eins og henni var síðast breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 1999/33/EB <sup>(2)</sup>, einkum 28. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í VI. viðauka við tilskipun 67/548/EBE eru leiðbeiningar um flokkun og merkingu hættulegra efna og efnablandna. Ákvæðum VI. viðauka var síðast breytt með 4. viðauka við tilskipun 98/98/EB <sup>(3)</sup>. Líðir 3.2.3, 3.2.8, 6.2 og 8 í 4. viðauka við tilskipun 98/98/EB eru ófullnægjandi. Því er nauðsynlegt að leiðrétta 4. viðauka við tilskipun 98/98/EB.
- 2) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit nefndar um aðlögun að

tækniframförum á tilskipunum um að ryðja úr vegi tæknilegum hindrunum í viðskiptum með hættuleg efni og efnablöndur.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

*1. gr.*

Í stað 4. viðauka við tilskipun 98/98/EB komi viðaukinn við þessa tilskipun.

*2. gr.*

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 19. maí 2000.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Margot WALLSTRÖM

*framkvæmdastjóri.*

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. EB L 136, 8.6.2000, bls. 108. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 59/2004 frá 26. apríl 2004 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 43, 26.8.2004, bls. 25

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 196, 16.8.1967, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 199, 30.7.1999, bls. 57.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB L 355, 30.12.1998, bls. 1.

## VIDAUKI

## „4. VIDAUKI

1.6. Hægt er að afla gagna, sem krafist er fyrir flokkun og merkingu tiltekinna efna, á eftirfarandi hátt:

- a) að því er varðar efni, þar sem krafist er upplýsinga sem eru tilgreindar í VII. viðauka, eru flest gögn um flokkun og merkingu að fá úr grunnrannsóknunum. Endurskoða skal þessa flokkun og merkingu, ef nauðsyn krefur, þegar frekari upplýsingar liggja fyrir (VIII. viðauki);
- b) að því er varðar önnur efni (t.d. þau sem um getur í lið 1.5) er hægt að afla gagna sem krafist er fyrir flokkun og merkingu, ef nauðsyn krefur, úr nokkrum mismunandi heimildum, til dæmis úr niðurstöðum fyrri prófana, upplýsingum sem krafist er vegna reglna um millilandaflutninga á hættulegum efnum, upplýsingum úr upppláttarritum og fræðiritum eða upplýsingum um fengna reynslu. Einnig má taka tillit til fullgilda vensla efnabyggingar og virkni og álits sérfræðings eftir því sem við á.

Hægt er að afla gagna, sem krafist er fyrir flokkun og merkingu tiltekinna efnablandna, á eftirfarandi hátt:

- a) ef um er að ræða eðlisefnafræðileg gögn, með því að nota aðferðirnar sem eru tilgreindar í V. viðauka. Að því er varðar loftkenndar efnablöndur má nota reikniáðferð fyrir eldfima og oxandi eiginleika (sjá 9. kafla);
- b) ef um er að ræða gögn um áhrif á heilbrigði:
  - með því að nota aðferðirnar sem eru tilgreindar í V. viðauka og/eða með því að nota hefðbundnu aðferðina sem um getur í a- til i-liðar 5. mgr. 3. gr. tilskipunar 88/379/EBE eða, ef um er að ræða H 65, með því að nota reglurnar samkvæmt lið 3.2.3,
  - ef hins vegar um er að ræða mat á krabbameinsvaldandi eða stökkbreytandi eiginleikum eða eiginleikum er varða æxlun, með því að nota hefðbundnu aðferðina sem um getur í j- til q-liðar 5. mgr. 3. gr. tilskipunar 88/379/EBE.

*Athugasemd um framkvæmd dýraprófana*

Framkvæmd dýraprófana til að staðfesta tilraunagögn heyra undir ákvæði tilskipunar 86/609/EBE um verndun dýra sem notuð eru í tilraunaskyni.

*1.7.2. Notkun leiðbeinandi viðmiðana fyrir efni*

Leiðbeinandi viðmiðanir í þessum viðauka gilda án frekari lögfestingar þegar gögnin, sem um ræðir, hafa fengist úr prófunaraðferðunum sem eru samsvarandi þeim sem lýst er í V. viðauka. Í öðrum tilvikum skulu fyrirliggjandi gögn metin með því að bera saman prófunaraðferðirnar, sem eru notaðar við þær aðferðir sem um getur í V. viðauka, og reglurnar í þessum viðauka til að ákvarða viðeigandi flokkun og merkingu.

Í sumum tilvikum leikur vafi á notkun viðeigandi viðmiðana, einkum þegar krafist er álits sérfræðings. Í slíkum tilvikum skulu framleiðandinn, dreifingaraðilinn eða innflytjandinn flokka og merkja efnið til bráðabirgða á grundvelli mats lögbærra yfirvalda á gögnunum.

Hægt er að leggja fram tillögu um að færa inn flokkun til bráðabirgða í I. viðauka, með fyrirvara um 6. gr., þar sem framangreindri málsmeðferð hefur verið fylgt en þar sem hætta er á ósamræmi. Tillagan skal lögð fram í einu af aðildarríkjunum og henni skulu fylgja viðeigandi vísindagögn (sjá einnig lið 4.1).

Beita má samsvarandi málsmeðferð þegar upplýsingar, sem liggja fyrir, benda til ónákvæmni í fyrirliggjandi færslu í I. viðauka.

*2.2.2.1. Athugasemdir varðandi peroxíð*

Að því er varðar sprengifími er lifrænt peroxíð eða efnablanda þess, í því formi sem það er markaðssett, flokkað samkvæmt viðmiðunum í lið 2.2.1, á grundvelli prófana sem voru framkvæmdar samkvæmt aðferðunum í V. viðauka.

Að því er varðar oxandi eiginleika er ekki hægt að nota aðferðirnar í V. viðauka fyrir lífræn peroxíð.

Lífræn peroxíð, sem hafa enn ekki verið flokkuð sem sprengifim, eru flokkuð sem hættuleg á grundvelli formgerðar sinnar (t.d. R-O-O-H; R<sub>1</sub>-O-O-R<sub>2</sub>).

Efnablöndur, sem hafa ekki enn verið flokkaðar sem sprengifimar, skulu flokkaðar með því að nota reikniáðferð sem grundvallast á hundraðshluta virks súrefnis í lið 9.5.

Öll lífræn peroxíð eða efnablöndur þess, sem hafa ekki enn verið flokkuð sem sprengifim, eru flokkuð sem oxandi ef peroxíðið eða blanda þess inniheldur:

- meira en 5% af lífrænum peroxíðum eða,
- meira en 0,5% af fyrirleggjandi súrefni úr lífrænum peroxíðum og meira en 5% af vetnisperoxíði.

### 3.2.3. Hættulegt heilsu

Efni og efnablöndur skal flokka sem hættuleg heilsu og tákna með „Xn“ og hættuáþendingunni „Hættulegt heilsu“ í samræmi við eftirfarandi viðmiðanir. Hættusetningar skulu valdar í samræmi við eftirfarandi viðmiðanir:

#### H 22 Hættulegt við inntöku

Bráð eiturrhrif:

- LD<sub>50</sub> við inntöku, rottur: 200 < LD<sub>50</sub> ≤ 2000 mg/kg,
- greiniskammtur við inntöku, rottur 50 mg/kg: 100% lifun en augljós eiturrhrif,
- minna en 100% lifun við 500 mg/kg: inntaka, rottur, með aðferð með föstum skammti. Sjá einnig matstöfluna í prófunaraðferðinni í a-lið B1 í V. viðauka.

#### H 21 Hættulegt í snertingu við húð

Bráð eiturrhrif:

- LD<sub>50</sub> á húð, rottur eða kanínur: 400 < LD<sub>50</sub> ≤ 2000 mg/kg.

#### H 20 Hættulegt við innöndun

Bráð eiturrhrif:

- LC<sub>50</sub> við innöndun, rottur, úði eða agnir: 1 < LC<sub>50</sub> ≤ 5 mg/lítra/4 klst.,
- LC<sub>50</sub> við innöndun, rottur, lofttegundir og gufur: 2 < LC<sub>50</sub> ≤ 20 mg/lítra/4 klst.

#### H 65 Heilsuspillandi: getur valdið lungnaskaða við inntöku

Fljótandi efni og efnablöndur sem mönnum getur stafað hætta af við innöndun vegna þess hve þunnfljótandi þau eru.

- a) Efni og efnablöndur sem í er samanlagt 10% eða meira af alifatískum, alísýklískum og arómatískum vetniskolefnum og hafa:
- styttri rennslistíma en 30 sek. í 3 mm ISO-bikarglasi samkvæmt ISO-staðli 2431, eða
  - minni eðlisseigju en  $7 \times 10^{-6}$  m<sup>2</sup>/sek við 40°C þegar mælt er með kvörðuðum glerpípuseigjumæli samkvæmt ISO-staðli 3104/3105, eða
  - minni eðlisseigju en  $7 \times 10^{-6}$  m<sup>2</sup>/sek við 40 °C þegar mælt er með snúningsmæli samkvæmt ISO-staðli 3129.

*Athugið* að efni og efnablöndur, sem fullnægja þessum viðmiðunum, þarf ekki að flokka ef meðalyfirborðsspenna þeirra er meiri en 33 mN/m við 25 °C, mæld með Nouy-spennumæli eða með prófunaraðferðunum sem eru tilgreindar í 5. lið A-hluta í V. viðauka.

- b) Önnur efni og efnablöndur sem reynslan hefur sýnt að eru skaðleg mönnum.

**H 40** Getur valdið varanlegu heilsutjóni

- sterkar líkur benda til þess að varanlegt heilsutjón, annað en það sem um getur í 4. kafla, geti hlotist af váhrifum í eitt skipti eftir hefðbundinni leið, yfirleitt við framangreindan skammt.

Tilgreina skal íkomuleið eða váhrif með því að nota eina af eftirtöldum samtengingum: H 40/20, H 40/21, H 40/22, H 40/20/21, H 40/20/22, H 40/21/22, H 40/20/21/22.

**H 48** Hætta á alvarlegu heilsutjóni við langvarandi váhrif

- alvarlegt heilsutjón (augljós truflun á starfsemi eða formfræðileg breyting sem hefur eiturefnafræðilega þýðingu) getur hlotist af endurteknum eða langvarandi váhrifum eftir hefðbundinni leið.

Efni og efnablöndur eru flokkuð sem skaðleg ef áhrifin eru að minnsta kosti af eftirtalinni stærðargráðu:

- við inntöku, rottur  $\leq 50$  mg/kg (líkamsþyngd)/dag,
- á húð, rottur eða kanínur  $\leq 100$  mg/kg (líkamsþyngd)/dag,
- við innöndun, rottur  $\leq 0,25$  mg/l, 6 klst./dag.

Þessi viðmiðunargildi má nota beint þegar greindar hafa verið alvarlegar vefjaskemmdir í hálflangvinnri (90 daga) eiturrhifaprófun. Við túlkun niðurstaðna úr meðalbráðri (28 daga) eiturrhifaprófun skal um það bil þrefalda tölurnar. Ef niðurstöður rannsókna úr langvinnri (tveggja ára) eiturrhifaprófun eru fyrir hendi ber að meta hverja einstaka prófun fyrir sig. Ef niðurstöður úr rannsóknum, sem ná yfir mislangan tíma, eru fyrir hendi skal að jafnaði nota niðurstöður þeirrar rannsóknar sem lengst hefur staðið.

Tilgreina skal íkomuleið eða váhrif með því að nota eina af eftirtöldum samtengingum: H 48/20, H 48/21, H 48/22, H 48/20/21, H 48/20/22, H 48/21/22, H 48/20/21/22.

**3.2.3.1. Athugasemdir varðandi rok gjörn efni**

Til kunna að vera gögn sem benda til þess að tiltekin efni með háan gufumettunarstyrk hafi áhrif sem ástæða er til að hafa áhyggjur af. Hugsanlegt er að slík efni verði ekki flokkuð samkvæmt viðmiðunum um áhrif á heilsu manna í þessum leiðbeiningum (3.2.3) eða heyri ekki undir lið 3.2.8. Liggja fyrir viðeigandi vísbendingar um að hætta geti stafað af slíkum efnum við venjulega meðhöndlun og notkun kann að vera nauðsynlegt að flokka þau í I. viðauka á grundvelli hvers einstaks tilviks.

**3.2.6.1. Bólga í húð**

Eftirfarandi hættusetning skal valin í samræmi við tilgreindar viðmiðanir:

**H 38** Ertir húð

- efni og efnablöndur sem valda verulegri bólgu í húð, sem varir í að minnsta kosti 24 klukkustundir, eftir að hafa verið í snertingu við húð kanínu í allt að fjórar klukkustundir í samræmi við húðertingarprófunina sem um getur í V. viðauka.

Bólga í húð telst veruleg:

- a) ef meðalgildi niðurstöðutalanna er 2 eða hærra, annaðhvort fyrir hörundsroða og brunaskorpumyndun eða bjúgmyndun, þegar reiknað er fyrir öll dýrin sem voru prófuð,
- b) eða, hafi prófanirnar í V. viðauka verið gerðar á þremur dýrum, ef meðalgildi niðurstöðutalanna er jafnt og 2 eða hærra hjá tveimur eða fleiri dýrum, annaðhvort fyrir hörundsroða og brunaskorpumyndun eða bjúgmyndun, þegar reiknað er fyrir hvert dýr fyrir sig.

Í báðum tilvikum ber að nota allar niðurstöðutölurnar úr hverjum aflestri (24, 48 og 72 klst.) þegar meðalgildi eru reiknuð út.

Bólga í húð telst einnig veruleg ef hún greinist hjá að minnsta kosti tveimur dýrum við lok athugunartímabilsins. Taka skal tillit til sérstakra áhrifa, hvort sem þau eru ofvöxtur, hreistrun, upplitun, sprungumyndun, hrúðurmyndun eða hárlós.

Einnig geta legið fyrir viðeigandi gögn úr dýrarannsóknunum á váhrifum sem eru ekki bráð (sjá athugasemdir um H 48, d-lið 2. liðar); Þessi gögn skipta máli ef hægt er að bera áhrifin, sem koma fram, við þau sem lýst er hér að framan;

- efni og efnablöndur sem valda verulegri bólgu í húð samkvæmt raunathugunum á mönnum eða við snögga, langvarandi eða endurtekna snertingu;
- lifræn peroxíð, nema heimildir um hið gagnstæða liggi fyrir.

*Tilfinningarglöp:* Ekki er litið á tilfinningarglöp hjá mönnum af völdum snertingar þýretróíðvarnarefna við húð sem ertandi áhrif sem réttlætir flokkunina Xi; H 38. Nota skal varnaðarsetninguna V 24 með efnunum sem vítað er að valda þessum áhrifum.

### 3.2.8. *Aðrir eitrefnafræðilegir eiginleikar*

Efni og efnablöndur, sem eru flokkuð samkvæmt liðum 2.2.1 til 3.2.7 að framan og/eða 4. og 5. kafla, skulu merktar með viðbótarhættusetningum í samræmi við eftirfarandi viðmiðanir (sem byggjast á reynslu við samantekt I. viðauka):

H 29 Myndar eittraðar lofttegundir í snertingu við vatn

Fyrir efni og efnablöndur sem í snertingu við vatn eða rakt loft mynda mjög eittraðar eða eittraðar lofttegundir sem gætu verið í hættulega miklu magni, t.d. álfosíð, fosfórpentasúlfið.

H 31 Myndar eittraða lofttegundir í snertingu við sýru

Fyrir efni og efnablöndur sem hvarfast við sýru og mynda eittraðar lofttegundir í hættulega miklu magni, t.d. natríumhýpóklórít, baríumpólýsúlfið. Fyrir vörur til almennra nota ber fremur að nota V 50 (má ekki blanda með ... (efni tilgreint af framleiðanda)).

Athugasemd H: Myndar mjög eittraða lofttegundir í snertingu við sýru

Fyrir efni og efnablöndur sem hvarfast við sýru og mynda mjög eittraðar lofttegundir í hættulega miklu magni, t.d. sölt vetnisýraniðs, natríumasið. Fyrir vörur til almennra nota ber fremur að nota V 50 (má ekki blanda með ... (efni tilgreint af framleiðanda)).

H 33 Hætta á heilsutjóni eykst við reglubundna notkun

Fyrir efni og efnablöndur sem eru líkleg til að safnast fyrir í líkamanum og geta verið varhugaverð en réttlæta þó ekki notkun H 48.

H 64 Getur skaðað brjóstmylkninga

Fyrir efni og efnablöndur sem líkami móður tekur upp og geta haft áhrif á mjólkurmyndun eða verið í brjóstamjólk (einnig sem myndefni) í nægilega miklu magni til að vera hættuleg heilsu brjóstmylkings.

Athugasemdir um notkun þessarar hættusetningar (og í sumum tilvikum H 33) er að finna í lið 4.2.3.3.

H 66 Endurtekin váhrif geta valdið þurrki eða sprungum í húð.

Fyrir efni og efnablöndur sem geta valdið óæskilegum þurrki, flögnun eða sprungum í húð en sem uppfylla ekki viðmiðin fyrir H 38:

byggist annaðhvort á:

- raunathugun eftir hefðbundna meðhöndlun og notkun, eða
- viðeigandi vísbendingum varðandi áætluð áhrif þeirra á húð.

Sjá einnig liði 1.6 og 1.7.

## H 67 Gufur geta valdið syfju og svima

Fyrir rokgjörn efni og efnablöndur sem innihalda slík efni og draga greinilega úr starfsemi miðtaugakerfisins við innöndun og sem hafa ekki þegar verið flokkuð með tilliti til bráðra eiturrhifa við innöndun (H 20, H 23, H 26, H 40/20, H 39/23 eða H 39/26).

Styðjast má við eftirfarandi visbendingar:

- a) Gögn úr rannsóknum á dýrum sem sýna greinileg merki um skerta starfsemi miðtaugakerfisins, eins og sljóleika, sinnuleysi, skort á samhæfingu (þar með talið skort á viðbragðinu til að fá dýrið aftur í upprétta stöðu) og hreyfinglöp, annaðhvort:
  - við styrkleika-/váhrifatíma sem er ekki meiri en 20 mg á lítra á 4 klst. eða,
  - þar sem hlutfallið milli styrks með merkjanleg áhrif í  $\leq 4$  klukkustundir miðað við gufumettunarstyrk við 20°C er  $\leq 1/10$ .
- b) Raunathugunum á mönnum (þ.e. sljóleiki, syfja, skert árvekni, viðbragðsskortur, skortur á samhæfingu, svimi) úr vel skráðum skýrslum við samsvarandi váhrifaskilyrði og áhrifin sem eru tilgreind að framan fyrir dýr.

Sjá einnig liði 1.6 og 1.7.

Aðrar viðbótarhættusetningar er að finna í lið 2.2.6.

- 4.1.2. Ef framleiðandi, dreifingaraðili eða innflytjandi hefur upplýsingar á reiðum höndum sem sýna að flokka og merkja beri efni í samræmi við viðmiðanirnar í liðum 4.2.1, 4.2.2 eða 4.2.3 ber honum að merkja efnið til bráðabirgða í samræmi við þessar viðmiðanir á grundvelli mats lögbærra yfirvalda á visbendingunum.
- 4.1.3. Framleiðandanum, dreifingaraðilanum eða innflytjandanum ber að senda, eins fljótt og auðið er, samantekt yfir öll gögn, sem málið varðar, til eins aðildarríkis þar sem efnið er markaðssett. Þessi samantekt skal innihalda heimildaskrá með öllum tilvísunum, sem máli skipta, ásamt öllum óútgefnum gögnum sem málið varða.
- 4.1.4. Ef framleiðandinn, dreifingaraðilinn eða innflytjandinn hafa ný gögn, sem varða flokkun og merkingu efnis í samræmi við viðmiðanirnar í liðum 4.2.1, 4.2.2 eða 4.2.3, ber honum enn fremur að senda þau eins fljótt og auðið er til eins aðildarríkis þar sem efnið er markaðssett.
- 5.2.2. Vistkerfi, önnur en vatnavistkerfi
- 5.2.2.1. Efni og efnablöndur skal flokka sem hættuleg umhverfinu og tákna með „N“ og viðeigandi hættuáþendingu ásamt hættusetningum í samræmi við eftirfarandi viðmiðanir:

H 54: Eitrað plöntum

H 55: Eitrað dýrum

H 56: Eitrað lífverum í jarðvegi

H 57: Eitrað býflugum

H 58: Getur valdið skaðlegum langtímaáhrifum í umhverfinu

Efni sem geta, á grundvelli fyrirbyggjandi heimilda um eiginleika þeirra, þrávirkni, hugsanlega uppsöfnun og fyrirsjáanleg eða greinanleg afdrif þeirra og hegðun í umhverfinu, haft í för með sér tafarlausa hættu, langvinna hættu og/eða tafða hættu fyrir gerð og/eða starfsemi náttúrlegra vistkerfa, að undanskildum þeim sem falla undir lið 5.2.1 að framan. Nákvæmari viðmiðanir verða útfærðar síðar.

- 5.2.2.2. Efni og efnablöndur skal flokka sem hættulegar umhverfinu og tákna með „N“ og viðeigandi hættuáþendingu ásamt hættusetningum í samræmi við eftirfarandi viðmiðanir:

H 59: Hættulegt ósonlaginu

Efni sem geta, samkvæmt fyrirbyggjandi heimildum um eiginleika þeirra og fyrirsjáanleg eða greinanleg afdrif þeirra og hegðun í umhverfinu, haft í för með sér hættu fyrir gerð og/eða starfsemi ósonlagsins í heiðhvolfinu. Hér teljast með efni sem skráð eru í I. viðauka við reglugerð ráðsins (EB) nr. 3093/94 um efni sem eyða ósonlaginu (Stjtið. EB nr. L 333, 22.12.1994, bls. 1) og síðari breytingar hennar.

**6.2. Varnaðarsetningar fyrir efni og efnablöndur****V 1 Geymist á læstum stað**

— Notkun:

- mjög eitruð, eitruð og ætandi efni og efnablöndur.

— Notkunarviðmiðanir:

- skyldubundið fyrir slík efni og efnablöndur ef þau eru seld almenningi.

**V 2 Geymist þar sem börn ná ekki til**

— Notkun:

- öll hættuleg efni og efnablöndur.

— Notkunarviðmiðanir:

- skyldubundið fyrir öll hættuleg efni og efnablöndur sem eru seld almenningi önnur en þau sem eru eingöngu flokkuð sem hættuleg umhverfinu.

**V 3 Geymist á köldum stað**

— Notkun:

- lífræn peroxíð,
- önnur hættuleg efni og efnablöndur sem hafa suðumark  $\leq 40$  °C.

— Notkunarviðmiðanir:

- skyldubundið fyrir lífræn peroxíð nema V 47 sé valin,
- æskilegt fyrir önnur hættuleg efni og efnablöndur sem hafa suðumark  $\leq 40$  °C.

**V 4 Geymist fjarri mannabústöðum**

— Notkun:

- mjög eitruð og eitruð efni og efnablöndur.

— Notkunarviðmiðanir:

- yfirleitt takmarkað við mjög eitruð og eitruð efni og efnablöndur þegar æskilegt er að bæta setningunni V 13 við, t.d. þegar hættu getur skapast við innöndun og geyma ber efnið eða efnablönduna fjarri mannabústöðum. Varnaðarsetningin útilokar ekki notkun efnisins eða efnablöndunnar í mannabústöðum ef þau eru notuð á réttan hátt.

**V 5 Geymist í ... (vökvi tilgreindur af framleiðanda)**

— Notkun:

- eldfim, föst efni og efnablöndur sem hættir til sjálfsíkveikju.

— Notkunarviðmiðanir:

- yfirleitt takmarkað við sértílvik, t.d. natríum, kalíum eða hvítan fosfór.

**V 6 Geymist í ... (óhvarfgjörn lofttegund tilgreind af framleiðanda)**

— Notkun:

- hættuleg efni og efnablöndur sem verður að geyma í óhvarfgjarnri lofttegund.

— Notkunarviðmiðanir:

- yfirleitt takmarkað við sértílvik, t.d. tiltekin lífræn málmsambönd.

**V 7 Umbúðir skulu vera vel luktar**

- Notkun:
  - lífræn peroxíð,
  - efni og efnablöndur sem geta myndað mjög eittraðar, eittraðar, heilsuspillandi eða afar eldfimar lofttegundir,
  - efni og efnablöndur sem í snertingu við raka mynda afar eldfimar lofttegundir,
  - mjög eldfim efni á föstu formi.
- Notkunarviðmiðanir:
  - skyldubundið fyrir lífræn peroxíð,
  - æskilegt fyrir önnur framangreind notkunarvið.

**V 8 Geymist á þurrum stað**

- Notkun:
  - efni og efnablöndur sem geta hvarfast kröftuglega við vatn,
  - efni og efnablöndur sem mynda afar eldfimar lofttegundir í snertingu við vatn,
  - efni og efnablöndur sem mynda mjög eittraðar eða eittraðar lofttegundir í snertingu við vatn.
- Notkunarviðmiðanir:
  - yfirleitt takmarkað við framangreind notkunarvið ef nauðsynlegt er að leggja áherslu á viðvörðun sem er sérstaklega gefin með H 14 og H 15 og einnig með H 29.

**V 9 Geymist á vel loftræstum stað**

- Notkun:
  - rokgyörn efni og efnablöndur sem geta myndað mjög eittraðar, eittraðar eða heilsuspillandi gufur,
  - afar eldfimur eða mjög eldfimur vökvar og afar eldfimar lofttegundir.
- Notkunarviðmiðanir:
  - æskilegt fyrir rokgyörn efni og efnablöndur sem geta myndað mjög eittraðar, eittraðar eða heilsuspillandi gufur,
  - æskilegt fyrir afar eldfima eða mjög eldfima vökva eða afar eldfimar lofttegundir.

**V 12 Umbúðir skulu ekki vera þéttlokaðar**

- Notkun:
  - efni og efnablöndur sem geta sprengt ílát vegna uppgufunar eða ef þau gefa frá sér lofttegundir.
- Notkunarviðmiðanir:
  - yfirleitt takmarkað við sértilvik eins og þau sem greint er frá að framan.

**V 13 Má ekki geyma hjá matvælum, öðrum neysluvörum eða fóðri**

- Notkun:
  - mjög eitruð, eitruð og heilsuspillandi efni og efnablöndur.
- Notkunarviðmiðanir:
  - æskilegt fyrir slík efni og efnablöndur sem líklegt er að almenningur noti.



**V 14 Má ekki geyma hjá ... (efni tilgreind af framleiðanda)**

— Notkun:

— lífræn peroxíð.

— Notkunarviðmiðanir:

— skyldubundið fyrir og yfirleitt takmarkað við lífræn peroxíð. Má þó nota í undantekningartilvikum þegar hættu getur stafað af ósamrýmanlegum eiginleikum.

**V 15 Má ekki hitna**

— Notkun:

— efni og efnablöndur sem geta brotnað niður eða hvarfast sjálfkrafa vegna hitaáhrifa.

— Notkunarviðmiðanir:

— yfirleitt takmarkað við sértílvik, t.d. við einliður, en setningin er óþörf fyrir efni sem fá hættusetningar H 2, H 3 og/eða H 5.

**V 16 Haldið frá hita- og neistagjöfum — Reykingar bannaðar**

— Notkun:

— afar eldfimur eða mjög eldfimur vökvar og afar eldfimar lofttegundir.

— Notkunarviðmiðanir:

— æskilegt fyrir framangreind efni og efnablöndur en setningin er óþörf fyrir efni sem fá hættusetningar H 2, H 3 og/eða H 5.

**V 17 Haldið fjarri brennanlegum efnum**

— Notkun:

— efni og efnablöndur sem geta með brennanlegu efni myndað blöndur sem eru sprengifimar eða er hætt við sjálfsíkveikju.

— Notkunarviðmiðanir:

— notað í sértílvikum, t.d. til að leggja áherslu á H 8 og H 9.

**V 18 Meðhöndlið og opið umbúðir með varúð**

— Notkun:

— efni og efnablöndur sem eru líkleg til að valda yfirbrýstingi í iláti,

— efni og efnablöndur sem geta myndað sprengifim peroxíð.

— Notkunarviðmiðanir:

— yfirleitt takmarkað við fyrrgreind tilvik þegar hættu er á augnskaða og/eða þegar líklegt er að almenningur noti efnin eða efnablöndurnar.

**V 20 Neytið ekki matar eða drykkjar meðan á notkun stendur**

— Notkun:

— mjög eitruð, eitruð og ætandi efni og efnablöndur.

— Notkunarviðmiðanir:

— yfirleitt takmarkað við sértílvik (t.d. arsen og arsensambönd; flúorasetöt), einkum þegar líklegt er að almenningur noti þau.

**V 21 Reykingar eru bannaðar meðan á notkun stendur**

- Notkun:
  - efni og efnablöndur sem mynda eitruð efni.
- Notkunarviðmiðanir:
  - yfirleitt takmarkað við sértílik (t.d. halógenuð efnasambönd).

**V 22 Varist innöndun ryks**

- Notkun:
  - öll heilsuspillandi efni og efnablöndur á föstu formi.
- Notkunarviðmiðanir:
  - skyldubundið fyrir framangreind efni og efnablöndur sem eru merktar með H 42,
  - æskilegt fyrir framangreind efni og efnablöndur sem eru á duftformi og geta borist í öndunarfæri ef heilsuspillandi áhrif þeirra við innöndun eru ekki fyllilega þekkt.

**V 23 Varist innöndun lofttegundar/reyks/gufu/úða (framleiðandi gefur upp hvað á við hverju sinni)**

- Notkun:
  - öll fljótandi eða loftkennd efni og efnablöndur sem eru hættuleg heilsu manna.
- Notkunarviðmiðanir:
  - skyldubundið fyrir framangreind efni og efnablöndur sem eru merktar með H 42,
  - skyldubundið fyrir efni sem ætluð eru til úðunar. Að auki verður að nota V 38 eða V 51,
  - æskilegt að nota þegar vekja þarf athygli notandans á hættu við innöndun sem ekki er minnst á í hættusetningunum sem mælt er fyrir um.

**V 24 Varist snertingu við húð**

- Notkun:
  - öll efni og efnablöndur sem eru hættuleg heilsu manna.
- Notkunarviðmiðanir:
  - skyldubundið fyrir efni og efnablöndur sem eru merktar með H 43 nema V 36 hafi einnig verið notuð.
  - æskilegt að nota þegar vekja þarf athygli notandans á hættu samfara snertingu við húð sem ekki er minnst á í hættusetningunum (t.d. tilfinningarglöp) sem mælt er fyrir um. Má þó einnig nota til að leggja áherslu á slíkar hættusetningar.

**V 25 Varist snertingu við augu**

- Notkun:
  - öll efni og efnablöndur sem eru hættuleg heilsu manna.
- Notkunarviðmiðanir:
  - æskilegt að nota þegar vekja þarf athygli notandans á hættu samfara snertingu við augu sem ekki er minnst á í hættusetningunum sem mælt er fyrir um. Má þó einnig nota til að leggja áherslu á slíkar hættusetningar,
  - æskilegt fyrir efni sem eru merkt með H 34, H 35, H 36 eða H 41 og sem líklegt er að almenningur noti.

**V 26 Berist efnið í augu skal strax skola vandlega með miklu vatni og leita læknis**

- Notkun:
  - ætandi eða ertandi efni og efnablöndur.
- Notkunarviðmiðanir:
  - skyldubundið fyrir ætandi efni og efnablöndur og þau efni og efnablöndur sem hafa þegar verið merkt með H 41,
  - æskilegt fyrir ertandi efni og efnablöndur og þau efni og efnablöndur sem hafa þegar verið merkt með H 36.

**V 27 Farið strax úr fötum sem óhreinkast af efninu**

- Notkun:
  - mjög eitruð, eitruð eða ætandi efni og efnablöndur.
- Notkunarviðmiðanir:
  - skyldubundið fyrir mjög eitruð efni og efnablöndur sem eru merkt með H 27 og sem líklegt er að almenningur noti,
  - æskilegt fyrir mjög eitruð efni og efnablöndur sem eru merkt með H 27 og notuð í iðnaði. Þó skal ekki nota þessa hættusetningu ef merkt hefur verið með V 36,
  - æskilegt fyrir eitruð efni og efnablöndur, sem eru merkt með H 24, og fyrir ætandi efni og efnablöndur sem líklegt er að almenningur noti.

**V 28 Berist efnið á húð skal þvo strax með miklu ... (efni tilgreint af framleiðanda).**

- Notkun:
  - mjög eitruð, eitruð eða ætandi efni og efnablöndur.
- Notkunarviðmiðanir:
  - skyldubundið fyrir mjög eitruð efni og efnablöndur,
  - æskilegt fyrir önnur framangreind efni og efnablöndur, einkum þegar vatn er ekki ákjósanlegasti hreinsivökvinn,
  - æskilegt fyrir ætandi efni og efnablöndur sem líklegt er að almenningur noti.

**V 29 Má ekki losa í niðurfall**

- Notkun:
  - afar eldfimir eða mjög eldfimir vökvar sem blandast ekki vatni,
  - mjög eitruð og eitruð efni og efnablöndur,
  - efni sem eru hættuleg umhverfinu.
- Notkunarviðmiðanir:
  - skyldubundið fyrir efni sem eru hættuleg umhverfinu og merkt með „N“ og sem líklegt er að almenningur noti, nema þetta sé fyrirhuguð notkun,
  - æskilegt fyrir önnur framangreind efni og efnablöndur sem líklegt er að almenningur noti, nema þetta sé fyrirhuguð notkun.

**V 30 Hellið ekki vatni á eða í vöruna**

- Notkun:
  - efni og efnablöndur sem hvarfast kröftuglega við vatn.
- Notkunarviðmiðanir:
  - yfirleitt takmarkað við sértílik (t.d. brennisteinssýru) og má nota, þar sem við á, til að gefa eins skýrar upplýsingar og unnt er, annaðhvort til að leggja áherslu á H 41 eða sem valkost í stað H 14.

**V 33 Gerið varúðarráðstafanir gegn stöðurafmagni**

- Notkun:
  - afar eldfim eða mjög eldfim efni og efnablöndur.
- Notkunarviðmiðanir:
  - æskilegt fyrir efni og efnablöndur sem eru notuð í iðnaði og taka ekki í sig raka. Afar sjaldan notað fyrir efni og efnablöndur sem eru markaðssett til nota fyrir almenning.

**V 35 Vörunni og umbúðum hennar skal fargað á tryggilegan hátt**

- Notkun:
  - öll hættuleg efni og efnablöndur.
- Notkunarviðmiðanir:
  - æskilegt fyrir efni og efnablöndur þar sem þörf er á sérleiðbeiningum til að tryggja rétta förgun.

**V 36 Notið viðeigandi hlífðarfatnað**

- Notkun:
  - lífræn peroxíð,
  - mjög eitruð, eitruð eða heilsuspillandi efni og efnablöndur,
  - ætandi efni og efnablöndur.
- Notkunarviðmiðanir:
  - skyldubundið fyrir mjög eitruð og ætandi efni og efnablöndur,
  - skyldubundið fyrir þau efni og efnablöndur sem merkt hafa verið með H 21 eða H 24,
  - skyldubundið fyrir krabbameinsvaldandi og stökkbreytandi efni og efni sem hafa skaðleg áhrif á æxlun í 3. flokki nema áhrifin komi eingöngu fram við innöndun efnisins eða efnablöndunnar,
  - skyldubundið fyrir lífræn peroxíð,
  - æskilegt fyrir eitruð efni og efnablöndur ef LD<sub>50</sub>-húðgildið er óþekkt en líklegt er að efnið eða efnablöndan séu eitruð í snertingu við húð,
  - æskilegt fyrir efni og efnablöndur sem notuð eru í iðnaði og kunna að vera heilsuspillandi við langvarandi váhrif.

**V 37 Notið viðeigandi hlífðarhanska**

- Notkun:
  - mjög eitruð, eitruð, heilsuspillandi eða ætandi efni og efnablöndur,
  - lífræn peroxíð,
  - efni og efnablöndur sem erta húð eða valda næmingu samfara snertingu við húð.

- Notkunarviðmiðanir:
  - skyldubundið fyrir mjög eitruð og ætandi efni og efnablöndur,
  - skyldubundið fyrir þau efni og efnablöndur sem merkt hafa verið með H 21, H 24 eða H 43,
  - skyldubundið fyrir krabbameinsvaldandi og stökkbreytandi efni og efni sem hafa skaðleg áhrif á æxlun í 3. flokki nema áhrifin komi eingöngu fram við innöndun efnanna eða efnablöndanna,
  - skyldubundið á lífræn peroxíð,
  - æskilegt fyrir eitruð efni og efnablöndur ef LD<sub>50</sub>-húðgildið er óþekkt en líklegt er að efnið eða efnablöndan séu skaðleg samfara snertingu við húð,
  - æskilegt fyrir efni og efnablöndur sem erta húð.

**V 38 Notið öndunargrímu ef góð loftræsting er ekki fyrir hendi**

- Notkun:
  - mjög eitruð eða eitruð efni og efnablöndur.
- Notkunarviðmiðanir:
  - yfirleitt takmarkað við sértilvik sem fela í sér notkun mjög eittraða eða eittraða efna og efnablöndna í iðnaði eða landbúnaði.

**V 39 Notið hlífðargleraugu/andlitsgrímu**

- Notkun:
  - lífræn peroxíð,
  - ætandi efni og efnablöndur, þar með talin ertandi efni sem hafa í för með sér hættu á alvarlegum augnskaða,
  - mjög eitruð og eitruð efni og efnablöndur.
- Notkunarviðmiðanir:
  - skyldubundið fyrir þau efni og efnablöndur sem merkt hafa verið með H 34, H 35 eða H 41,
  - skyldubundið fyrir lífræn peroxíð,
  - æskilegt að nota þegar vekja þarf athygli notandans á hættu samfara snertingu við augu sem ekki er minnst á í hættusetningunum sem mælt er fyrir um,
  - yfirleitt takmarkað við undantekningartilvik fyrir mjög eitruð og eitruð efni og efnablöndur þegar hættu er á að þau skvettist og líklegt er að þau frásogist greiðlega gegnum húð.

**V 40 Gólf og fleti, sem óhreinkast af efninu, skal hreinsa með ... (efni tilgreint af framleiðanda)**

- Notkun:
  - öll hættuleg efni og efnablöndur.
- Notkunarviðmiðanir:
  - yfirleitt takmarkað við hættuleg efni og efnablöndur þar sem vatn er ekki talið hentugt hreinsiefni (t.d. þar sem nauðsynlegt er að nota efni á duftformi sem ísogsefni eða nota leysiefni til þynningar) og þar sem mikilvægt er af hollustu- og/eða öryggisástæðum að hafa viðvörðun á merkimiðanum.

**V 41 Varist innöndun reyks við bruna eða sprengingu**

- Notkun:
  - hættuleg efni og efnablöndur sem mynda mjög eittraðar eða eittraðar lofttegundir við bruna.
- Notkunarviðmiðanir:
  - yfirleitt takmarkað við sértilvik.

**V 42 Notið viðeigandi öndunargrímu við svælingu/úðun/sprautun (framleiðandi gefur upp hvað á við hverju sinni)**

- Notkun:
  - efni og efnablöndur ætluð til slíkra nota sem geta stofnað heilsu notandans og öryggi í hættu nema viðeigandi varúðarráðstafanir séu gerðar.
- Notkunarviðmiðanir:
  - yfirleitt takmarkað við sértílvik.

**V 43 Notið ... við slökkvistarf (framleiðandi skal gefa upp nákvæma tegund slökkvitækis. Ef vatn eykur á hættuna skal bæta við: Notið ekki vatn)**

- Notkun:
  - afar eldfim, mjög eldfim og eldfim efni og efnablöndur.
- Notkunarviðmiðanir:
  - skyldubundið fyrir efni og efnablöndur sem mynda afar eldfimar lofttegundir samfara snertingu við raka eða rakt loft,
  - æskilegt fyrir afar eldfim, mjög eldfim og eldfim efni og efnablöndur, einkum þegar þau blandast ekki vatni.

**V 45 Leitið umsvifalaust lækni ef slys ber að höndum eða ef lasleika verður vart (sýnið umbúðamerkingarnar ef unnt er)**

- Notkun:
  - mjög eitruð efni og efnablöndur,
  - eitruð og ætandi efni og efnablöndur,
  - efni og efnablöndur sem valda næmingu við innöndun.
- Notkunarviðmiðanir:
  - skyldubundið fyrir framangreind efni og efnablöndur.

**V 46 Leitið umsvifalaust lækni eftir inntöku og sýnið umbúðir eða umbúðamerkingar**

- Notkun:
  - öll hættuleg efni og efnablöndur önnur en þau sem eru mjög eitruð, eitruð, ætandi eða hættuleg umhverfinu.
- Notkunarviðmiðanir:
  - æskilegt fyrir öll hættuleg efni og efnablöndur sem að framan greinir og sem líklegt er að almenningur noti nema ástæðulaust sé að óttast hættu við inntöku, einkum að því er varðar börn.

**V 47 Geymist við hitastig sem ekki er hærra en ...°C (tilgreint af framleiðanda)**

- Notkun:
  - efni og efnablöndur sem verða óstöðug við tiltekið hitastig.
- Notkunarviðmiðanir:
  - yfirleitt takmarkað við sértílvik (t.d. við tiltekin lífræn peroxíð).

**V 48 Halda skal vörinni rakri með ... (efni tilgreint af framleiðanda)**

- Notkun:
  - efni og efnablöndur sem geta orðið mjög viðkvæm fyrir neistum, núningi eða höggi ef þau þorna.
- Notkunarviðmiðanir:
  - yfirleitt takmarkað við sértílvik, t.d. við nitrósellulósa.

**V 49 Má aðeins geyma í upprunalegum umbúðum**

- Notkun:
  - efni og efnablöndur sem eru viðkvæm fyrir niðurbroti af völdum hvata.
- Notkunarviðmiðanir:
  - efni og efnablöndur sem eru viðkvæm fyrir niðurbroti af völdum hvata, t.d. tiltekin lífræn peroxíð.

**V 50 Má ekki blanda með ... (efni tilgreint af framleiðanda)**

- Notkun:
  - efni og efnablöndur sem geta hvarfast við tilgreinda efnið og myndað mjög eittraðar eða eittraðar lofttegundir,
  - lífræn peroxíð,
- Notkunarviðmiðanir:
  - æskilegt fyrir framangreind efni og efnablöndur sem líklegt er að almenningur noti þegar það er betri kostur en hættusetning H 31 eða H 33,
  - skyldubundið fyrir tiltekin peroxíð sem geta hvarfast kröftuglega með hröðlum og stýriefnum.

**V 51 Má aðeins nota á vel loftræstum stað**

- Notkun:
  - efni og efnablöndur sem eru líkleg til eða er ætlað að framkalla gufu, ryk, úða, reyk, móðu o.s.frv. og eru hættuleg við innöndun eða valda bruna- og sprengihættu.
- Notkunarviðmiðanir:
  - æskilegt þegar V 38 á ekki við. Er því mikilvægt þegar líklegt er að almenningur noti slík efni og efnablöndur.

**V 52 Notist ekki á stóra fleti í íbúðarhúsnæði eða öðrum vistarverum**

- Notkun:
  - rokkgjörn, mjög eitruð, eitruð og heilsuspillandi efni og efnablöndur sem innihalda slík efni.
- Notkunarviðmiðanir:
  - æskilegt ef líklegt er að heilsutjón hljótist af langvarandi váhrifum vegna þessara efna sökum uppgufunar efna frá stórum flötum í íbúðarhúsnæði eða öðrum vistarverum þar sem menn koma saman.

**V 53 Varist snertingu — Aflið sérstakra notkunarleiðbeininga**

- Notkun:
  - efni og efnablöndur sem eru krabbameinsvaldandi, stökkbreytandi og/eða hafa skaðleg áhrif við æxlun.
- Notkunarviðmiðanir:
  - skyldubundið fyrir framangreind efni og efnablöndur sem hafa að minnsta kosti verið merkt með einni eftirfarandi hættusetninga: H 45, H 46, H 49, H 60 eða H 61.

**V 56 Skilið efni og umbúðum á móttökustöð fyrir spilliefni**

- Notkun:
  - öll hættuleg efni og efnablöndur.
- Notkunarviðmiðanir:
  - æskilegt fyrir öll hættuleg efni og efnablöndur sem líklegt er að almenningur noti og þar sem sérstakrar förgunar er krafist.

**V 57 Notið viðeigandi umbúnað/umbúðir til að forðast mengun umhverfisins**

- Notkun:
  - efni sem hafa verið merkt með „N“.
- Notkunarviðmiðanir:
  - yfirleitt takmarkað við efni sem ólíklegt er að almenningur noti.

**V 59 Leitið til framleiðanda/birgis um upplýsingar varðandi endurnýtingu/endurvinnslu**

- Notkun:
  - öll hættuleg efni og efnablöndur.
- Notkunarviðmiðanir:
  - skyldubundið fyrir efni sem eru hættuleg ósonlaginu,
  - æskilegt fyrir önnur efni og efnablöndur sem mælt er með að séu endurnýtt/endurunnin.

**V 60 Þessu efni og og umbúðum þess skal fargað sem spilliefnum**

- Notkun:
  - öll hættuleg efni og efnablöndur.
- Notkunarviðmiðanir:
  - æskilegt fyrir efni og efnablöndur sem hafa ekki verið merkt með V 35 og ólíklegt er að almenningur noti.

**V 61 Forðist losun út í umhverfið. Athugið sérstakar ráðleggingar/öryggisleiðbeiningar**

- Notkun:
  - efni sem eru hættuleg umhverfinu.
- Notkunarviðmiðanir:
  - yfirleitt notað fyrir efni sem hafa verið merkt með „N“,
  - æskilegt fyrir öll efni sem flokkuð eru sem hættuleg umhverfinu en falla ekki undir forsendurnar.

**V 62 Varist að framkalla uppköst eftir inntöku. Leitið umsvifalaust læknis og sýnið umbúðir eða umbúðamerkingar**

- Notkun:
  - efni og efnablöndur sem eru flokkuð sem heilsuspillandi með H 65 í samræmi við viðmiðanir í lið 3.2.3,
  - gildir ekki um efni og efnablöndur sem eru markaðssett á úðabrusum (eða í ílátum með áföstum úðabúnaði), sjá 8. og 9. lið.
- Notkunarviðmiðanir:
  - skyldubundið fyrir framangreind efni og efnablöndur ef þau eru seld almenningi eða líklegt er að hann noti þau, nema þegar V 45 eða V 46 eru skyldubundin,
  - æskilegt fyrir framangreind efni og efnablöndur þegar þau eru notuð í iðnaði, nema þegar V 45 eða V 46 eru skyldubundin.

**V 63 Ef slys verður við innöndun skal færa hinn slasaða í ferskt loft og láta hann hvílast**

- Notkun:
  - mjög eitruð og eitruð efni og efnasambönd (lofttegundir, gufur, agnir, rokgjarnir vökvar),
  - efni og efnablöndur sem valda næmingu við innöndun.



- Notkunarviðmiðanir:
  - skyldubundið fyrir efni og efnablöndur sem hafa verið merkt með H 26, H 23 eða H 42 sem líklegt er að almenningur noti á þann hátt að þau geti borist í líkamann við innöndun.

#### V 64 Skolið munninn með vatni eftir inntöku (einungis ef viðkomandi er með meðvitund)

- Notkun:
  - ætandi eða ertandi efni og efnablöndur.
- Notkunarviðmiðanir:
  - æskilegt fyrir framangreind efni og efnablöndur sem líklegt er að almenningur noti og þar sem framangreind meðferð er ákjósanleg.

#### 7.5.2. Val á varnaðarsetningum

Við endanlegt val á varnaðarsetningum skal taka tillit til hættusetninga, sem koma fram á merkimiðanum, og fyrirhugaðrar notkunar efnisins eða efnablöndunnar:

- að jafnaði telst nægilegt að nota mest fjórar varnaðarsetningar til að tilgreina mikilvægustu viðvörðunarorðin; að því er þetta varðar á að telja samtengdar setningar í IV. viðauka sem einstakar setningar,
- ef um er að ræða varnaðarsetningar um förgun skal nota eina hættusetningu nema ljóst sé að förgun efnisins og umbúða þess stofni heilbrigði manna eða umhverfi ekki í hættu. Einkum er mikilvægt að setja ráðleggingar um örugga förgun á efni og efnablöndur sem eru seld almenningi,
- ef valið á varnaðarsetningu er vandað verða sumar hættusetningar óþarfar og öfugt. Varnaðarsetningar, sem augljóslega samsvara hættusetningum, eiga einungis að koma fram á merkimiðanum ef ætlunin er að leggja áherslu á tiltekna viðvörðun,
- við val á varnaðarsetningum verður að veita fyrirsjáanlegum aðstæðum við notkun tiltekinn efna og efnablandna sérstaka athygli, t.d. þeim sem skapast við notkun úðaefna. Setningar þarf að velja með hliðsjón af fyrirhugaðri notkun,
- varnaðarsetningarnar V 1, V 2 og V 45 eru skyldubundnar fyrir öll mjög eitruð, eitruð og ætandi efni og efnablöndur sem seld eru almenningi.
- varnaðarsetningarnar V 2 og V 46 eru skyldubundnar fyrir öll önnur hættuleg efni og efnablöndur sem seld eru almenningi (nema þau sem aðeins hafa verið flokkuð sem hættuleg umhverfinu).

Fella má niður nokkrar setningar ef setningar, sem eru valdar í samræmi við hinar ströngu viðmiðanir í 6.2, hafa í för með sér tvítekingu eða tvíræðni eða eru greinilega óþarfar að teknu tilliti til hinna sérstöku vara/umbúða.

#### 8. SÉRTILVIK: EFNI

##### 8.1. Færanleg gashylki

Kröfum um merkingu færanlegra gashylkja telst fullnægt ef merkingin er í samræmi við 23. gr. eða b-lið 6. mgr. 24. gr.

Þrátt fyrir 1. og 2. mgr. 24. gr. er þó heimilt að nota annan eftirfarandi valkosta að því er varðar gashylki sem rúma 150 lítra eða minna.

- snið og mál merkimiðans geta verið samkvæmt fyrirmælum ISO-staðals ISO/DP 7225,
- veita má upplýsingarnar, sem tilgreindar eru í 2. mgr. 23. gr., á endingargóðri upplýsingaplötu eða merkimiða sem er festur á hylkin.

**8.2. Gashylki undir própan, bútan eða fljótandi jarðolíugas (LPG)**

Þessi efni eru flokkuð í I. viðauka. Þótt þau séu flokkuð í samræmi við 2. gr. eru þau ekki hættuleg heilsu manna ef þau eru markaðssett í lokuðum, marg- eða einnota gashylkjum, í skilningi EN 417, sem eldsneyti sem eingöngu er ætlað til brennslu.

Þessi ílát skal merkja með viðeigandi tákni og hættu- og varnaðarsetningum sem varða eldfimi. Engar upplýsingar um áhrif á heilbrigði manna þurfa að koma fram á merkimiðanum. Sá sem ber ábyrgð á markaðssetningu efnisins skal þó láta þeim sem nota efnin í starfi sínu í té þær upplýsingar um áhrif á heilbrigði manna sem hefðu átt að koma fram á merkimiðanum, með því sniði sem tilgreint er í 27. gr. tilskipunarinnar. Almennum notendum skulu veittar nægar upplýsingar til að þeir geti gert nauðsynlegar ráðstafanir um heilsuvernd og öryggisgæslu eins og mælt er fyrir um í 3. mgr. 1. gr. tilskipunar 91/155/EBE eins og henni var breytt með tilskipun 93/112/EBE.

**8.3. Gegnheilir málmar**

Þessi efni eru flokkuð í I. viðauka eða skulu flokkuð í samræmi við 6. gr. Sum þessara efna, þótt flokkuð séu í samræmi við 2. gr., hafa ekki í för með sér hættu fyrir heilsu manna við innöndun, við inntöku eða samfara snertingu við húð eða fyrir vistkerfi í vatni í því formi sem þau eru markaðssett. Ekki er krafist merkimiða fyrir slík efni í samræmi við 23. gr. Sá sem ber ábyrgð á markaðssetningu efnisins skal þó láta þeim sem nota efnin í starfi sínu í té allar þær upplýsingar um áhrif á heilbrigði manna, sem hefðu átt að koma fram á merkimiðanum, með því sniði sem tilgreint er í 27. gr.

**8.4. Efni sem merkt eru með H 65**

Efni, sem eru flokkuð sem heilsuspillandi vegna þess að af þeim stafar hættu ef þeim er andað að sér, þarf ekki að merkja sem heilsuspillandi með H 65 ef þau eru markaðssett í úðabrusum eða í ílátum með áföstum úðabúnaði.“

---